

# EYSTRAHORN

30.tbl. 41. árgangur

14. september 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



**Sjálfsmynd á síðasta degi útleðar  
Mynd eftir Almar Atlason**

# HELST LANGAR MIG ALDREI AÐ VERÐA HLYTT A TÁNUM AFTUR -VIÐTAL VIÐ ALMAR ATLASON LISTMÁLARA



Almar Atlason, listmálari, segist hvergi hafa fengið eins höfðinglegar móttökur og í Hornafirði, hann sé haldinn athyglissýki á lokastigi, og elski umtal og áhorf. Safnvörður Svavarsafns tók hann í viðtal fyrir Eystrahorn til að kynna næstu sýningu safnsins, en líkast til hafa fjölmargir Hornfirðingar þegar orðið varir við stóra hvíta tjaldið sem stóð upp á hól í júlí og ágúst.

„Í Reykjavík og nærliggjandi sveitum er ég ætíð meðhöndlaður eins og úrhak samfélagsins. Enn eitt latteþjandi, sjálfskipað sjéni – og þótt ég panti mér eins vonda og óspennandi kaffidrykki og ég mögulega get. En á Hornafirði var mér tekið opnum örmum. Ég var boðinn í matarboð, mér var skutlað um sveitimar, og jafnvel afgreiðslufólk í búðum og bensínstöðvum bauð mér símhleðslur, óveðurs-gistingar og ræddi við mig eltingaleikinn við fegurðina, landslagið, listaverkafjófnad og önnur hugðarefni mín. Ég gerði svo mitt besta til að taka eins vel á móti Hornafirði og hann tók á móti mér en mistókst eflaust í hvívetna þrátt fyrir uppljómað þakklæti og einbeittar tilraunir.“

Almar heldur áfram að lofa Hornfirðinga þrátt fyrir tilraunir safnvarðar til að spyrja hann út í málverkin.

„Móttökur Hornfirðinga og fegurð lands og fólks stendur óneitanlega uppúr [sumrinu]. Náungakærleikur og hispursleysi sem teygir sig langt inn í lón og alveg suður fyrir Örnefi.“

Já, en málverkið? skýtur safnvörður inn. Það er það sem við ætluðum að ræða Almar.

„Það eina sem truflaði mig var margbölvað málerið. Enginn, leyfi ég mér að fullyrða, getur fangað litadýrð jökulsins svo sannfærandi sé og fegurðin þar umhverfis er svo lamandi að erfitt er að yfirgefa morgunkaffi lautina, hvað þá lyfta pensli. En þetta eru forréttindi að mála svona úti í náttúrunni á suðausturhorninu -sama hve duglaus málarinn er, og ég fann það hvern morgun að Hornafirði skuldaði ég að gera mitt besta. Mín eftirlætis viðfangsefni voru þó gististaðir mínir. En stærstu og bestu málverkin sem ég málaði voru einskonar þakkarbréf til annars vegar Hornafjarðar, hvar ég dvaldi í tjaldi, og hinsvegar til Fagurhólsmýrar en þar tók

Eva Bjarnadóttir á móti mér sem sannur höfðingi og hef ég hvergi haft það betra.“

Almar verður heitt í hamsi og rjóður í kinnnum þegar hann talar um líti jökulsins og þrúgandi nærveru fegurðarinnar, en safnvörður reynir að hughreysta hann. Þótt málverkin fangi kannski ekki sjálft landið, geta þau gómað augnablik. Að lokum gefst hann upp og skiptir um umræðuefni.

„Nú vita ekki margir, Almar minn, að meðan þú dvaldir í tjaldinu varstu ekki bara að mála, heldur að lesa heildar ritsafn Þórbergs Þórðarsonar. Hvað er þín uppáhalds bók, hvað heldurðu upp á við Þórberg, var eitthvað verk eftir hann sem þú sást í nýju ljósi eftir dvölinu í tjaldinu?“ Nú brosir listmálarinn kankvís.

„Þórbergur Þórðarson? Hann var spekingur. Hann var mín eina afþreying í útivist minni. Og betri kojufélagi er vart hægt að ímynda sér. Allavega ef það er hægt að loka bókinni og slökkva á síbyljunni sem maður getur sér til um að hafi staðið út úr manningum. Bréf til Láru hefur alltaf verið ein mín eftirlætis bók og ágætis blúprint fyrir það hvernig boða má fagnaðarerindi kommúnismans um sveitir landsins. Ætla má að Svavar Guðnason hafi tileinkað sér innihaldsefni hennar þegar hann tók sér frí frá málverkinu og gerðist boðberi kærleiksins og jafnaðarstefnunnar. Í þessari útleð var það þó bókin: Indriði miðill, ævisögurit eftir Þórberg, sem sérlega náði til mín. Og þar var ekki á ferðinni einhver afturhaldskommatittur heldur séður businessmaður og boðberi fjálsrar verslunar beint að ofan. “Indriði var merkur maður og afbragðs eftirherma strax í æsku” eitthvað svoleiðis er hann kynntur áður en hann svo verður rammskyggn og græðir af tengingu sinni við handanheiminn á tá og fingri. Eins og



títt er svo um menn sem læra að græða peninga ef andlegum málum og öðrum listum drapst hann ungur á fylleríi og annar eins miðill hefur ekki sést norðan Konstantínópel síðan.“

Safnvörður ákveður að víkja talinu aftur að listinni og spyr út í gjörninga Almars sem oft hafi gengið út á að vera fyrir augunum á fólki og beinlínis krefjast áhorfs. Almar hlær og segir:  
„Ég er haldinn athyglissýki á lokastigi. Ég

elska umtal og áhorf. Í fjölskylduboðum slúðra ég og hef tekið að mér það hlutverk í stórfjölskyldunni að breiða út almenna hneykslun. Ég þarf vart mat eða drykk ef ég fæ nóg lófatak eða ókvæðisorð í minn garð, slík er næringin sem ég dreg úr aðdáun og aðkasti annarra. Skiptir mig engu hvort athyglin er jákvæð eða neikvæð. En þetta er víst atvinnusjúkdómur og hef ég fyrir satt að flest starfsystkini mín í listinni þjáist af sömu lamandi athyglissýki, hroka og alhæfingapest.“



Þá spyr safnvörður út í hvort hann gæti hugsað sér að endurtaka gjörninginn eða hvort hann sé kominn með nóg af útilegu. „Mér myndi ekki endast ævin í að fanga umhverfi Hornafjarðar og sveita. Og ég hef alltaf verið best geymdur fjarri öðru fólki að sinna fegurðinni. Því þó athyglissýkin sé ofstækisfull er einangrunin hollari menntun listamanninum en foreldramissir er aðalpersónu í fantasíubókmennt. Ég er þannig uppviraður að ég elska einstaklinga, alla þá sem ég hef hitt og þá sérstaklega í fjarlægð, en hef megna óbeit á hverslags kreddum, félögum og hópum. Pólitik veldur mér ljótum útbrotum og þó get ég haft hana á heilanum og vörunum dögum saman mér og samborgurum mínum til ógleði og sorgar. Sérstaklega ef ég er umkringdur hópum. Ég get af öllum ofangreindum ástæðum og ótal öðrum hugsað mér að endurtaka þetta verkefni og hér eftir verður lífsgleði mín mæld í vinnu klukkutímum og tjald nóttum. Helst langar mig aldrei að verða hlýtt á tánum aftur.“

Opnun á sýningu Almars, Almar í tjaldinu verður í Svavarssafni 15. september. Almar býður Hornfirðinga kærlega velkomna á opnun, en að vera dugleg að horfa sem oftast út um gluggann í millitíðinni.

## VILTU VERA GLEÐIGJAFI?

Þegar haustar þá fara söngfuglarnir á stjá, og eru Gleðgjafar þar engin undantekning. Vart þarf að kynna hópinn, hann hefur tekið fullan þátt í menningarlífi/sönglífi staðarins. Innanborðs eru þetta hátt á þriðja tug söngmanna, en alltaf verða skil af og til. Síðasta starfsár var mjög fjölbreytt og sungum við víða og stefnum á að halda góðum dampi í vetur. Kórinn æfir einu sinni í viku í Ekrusalnum, á þriðjudögum klukkan 17:00, klukkutíma í senn. Við erum eins og allir kórar á landinu að sverma fyrir fólki, fólki sem hefur gaman af að syngja en í okkar tilfelli þarf að vera orðið sextugt. Bassar úti í bæ.....komið og látið í ykkur heyra.....sópranar komið líka.....og látum vel í okkur heyra í vetur. Þarf ekki að taka það fram að Gleðigjafar er stórskemmtilegur hópur sem virkilega er gaman að starfa í. Hafið samband við mig, eða einhvern annan í kórnum, og við byrjum af krafti um miðjan október. Nú er bara að drífa sig með kærri kveðju.



Gulla Hestnes

# VÖKTUN TRJÁREITA FAS Á SKEIÐARÁRSANDI

Síðasta dag ágústmánaðar var farið í árlega ferð á Skeiðarársand til að skoða gróðurreiti sem nemendur í áfanganum „Inngangur að náttúruvísindum“ taka þátt í.

Ferðin krefst nokkurs undirbúnings. Nemendur þurfa að kunna skil á nokkrum grunnhugtökum sem þarf að skilja og geta notað. Þar má t.d. nefna hugtök s.s. gróðurþekja, skófir, rekkjar og ágangur skordýra. Nemendum er skipt í hópa og fá allir hlutverk við athuganir og mælingar. Þá er mikilvægt að vandvirkni við skráningar sé gætt. Meðal þess sem er skoðað er gróðurþekja innan hvers reits og fjöldi plantna í hverjum reit. Þá þarf að tilgreina hvað er að finna í reitnum, t.d. skófir, mosi, blómplöntur og sveppir. Allar trjáplöntur innan reitsins eru taldar en þær minnstu eru stundum bara tvö eða þrjú laufblöð. Ef planta hefur náð 10 cm þá er plantan merkt með númeri, hæðin mæld sérstaklega sem og ársvöxtur. Síðast en ekki síst er horft eftir ummerkjum um beit og ágang skordýra.


Veður var gott þegar var farið á sandinn, hiti um 10 gráður, hæg gjóla og skýjað. Við byrjum alltaf á því að fara í reit 3 og þar er farið yfir það hvernig er best að framkvæma athuganir og mælingar. Þaðan fara svo hóparnir til að skoða aðra reiti en í heild eru reitirnir fimm sem eru vaktadír. Að auki er sérstaklega fylgst með tveimur trjám utan reita og eru þau bæði vel yfir þrjú metra og eru smám saman að hækka.

Við sem förum með nemendur árlega á haustin

erum orðin von því að töluverðar breytingar geti verið á gróðri á milli ára. Þannig getur mikill vindur sem þyrlar af stað sandi haft áhrif á gróðurþekju í nokkurn tíma. Sandurinn leggst þá yfir svæði sem getur kæft litlar trjáplöntur sem hafa nýlega skotið rótum. Á sama hátt getur sandur lagst yfir lautir í mosa og hulið þær sandi, jafnvel í nokkur ár.

Þá höfum við líka séð að trjáplöntur þrífast misvel. Sumar vaxa jafnt og þétt og hækka smám saman eins og sést á meðfylgjandi línuriti en sú planta hefur stækkað um 90 sentimetra frá því að byrjað var fylgjast með henni. Á mynd 1 er búið að setja saman mynd af sömu birkiplöntu annars vegar frá árinu 2014 og svo frá 2023 og sést glögglega að hún hefur hækkað töluvert.

Stundum hafa hlutar af merktum plöntum



Línurit 1 - Vöxtur birkiplöntu 2, sem vex í reit nr. 3 á Skeiðarársandi, yfir það 15 ára tímabil sem vöktun FAS hefur staðið yfir.

drepist og trjágreinar brotnað af. Þannig getur merkt trjáplanta jafnvel lækkað á milli ára. Við tókum sérstaklega eftir þessu í fyrra og þetta heldur greinilega áfram. Að þessu sinni var töluvert um slíkar plöntur eins og sjá má

dæmi um á mynd 2. Þá getur það líka gerst að merkt planta hefur öll drepist og eftir standa berar trjágreinar.

Eftir ferðina vinna nemendur skýrslu. Vinnan við skýrslugerðina felst m.a. í því að skoða tölulegar upplýsingar á milli ára, skrifa um hvað var gert í ferðinni og velta fyrir sér líklegum skýringum á breytingum. Í ár töldum við tvær skýringar líklegar á miklum breytingum á milli ára; annars vegar að síðasta sumar var óvenju þurr og það hefur vantað raka í jarðveginn. Hins vegar að þegar gróður var að fara af stað í vor gerði mikið suðvestan hvassviðri á sunnanverðu landinu sem þyrlaði söltum sjó langt upp á land og hafði víða áhrif á trjágróður langt fram eftir sumri.

Það er ekki nokkur vafi á því að nemendur læra mikið á því að fara í ferðir sem þessar. Yfirleitt eru með okkur einhverjir sem eru að taka eftir trjám á Skeiðarársandi í fyrsta skipti. Margir eru að læra og skilja ný hugtök, nemendur læra að beita nákvæmum og öguðum vinnubrögðum og vinna úr gögnunum og koma þeim upplýsingum skýrt og skilmerkilega frá sér. Síðast en ekki síst að þá eru ferðir sem þessar mikilvægar til að njóta útiveru og kynnast um leið ferlum í náttúrunni, m.ö.o. að læra að lesa í náttúruna.

Líkt og frá upphafi ferðanna á Skeiðarársand kom starfsfólk frá Náttúrustofu Suðausturlands með í ferðina og þökkum þeim fyrir samstarfið.

Hjördís Skírnisdóttir  
Lilja Jóhannesdóttir



Mynd 1: Birkiplanta 2 í reit 3 á Skeiðarársandi frá árinu 2014 og 2023.



Mynd 2: Birkiplanta sem að hluta til er þakin laufi



Mynd 3: Birkiplanta mæld í reit 4



Mynd 4: Hópurinn sem fór í ferðina



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Netfang: arndis@eystrahorn.is  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126



# Almar í Tjaldinu

Opnun klukkan fimm  
á föstudaginn

*Allir velkomnir*



SVAVARSSAFN  
LISTASAFN - ART MUSEUM

## ERTU MEÐ FRÁBÆRA HUGMYND?

### UPPBYGGINGARSJÓÐUR SUÐURLANDS

hefur opnað fyrir umsóknir haustið 2023



MENNING



ATVINNA &  
NÝSKÖPUN



UMSÓKNARFRESTUR  
ÞRIÐJUDAGINN  
3. OKT. KL. 16:00

KYNNTU ÞÉR ÁHERSLUR  
OG ÚTHLUTUNARREGLUR



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS



# FLUGVALLARSTARFSMAÐUR Á HORNAFJARÐARFLUGVELLI

## Isavia innanlandsflugvellir óskar eftir að ráða einstakling við flugvallarþjónustu og flugradíó (AFIS).

Helstu verkefni eru eftirlit og viðhald með flugvallarmannvirkjum og tækjum. Samskipti við flugvélar um flugradíó. Snjóruðningur og hálkuvarnir á flugbrautum ásamt björgunar- og slökkviþjónusta. Viðkomandi þarf að ljúka grunnnámi flugradíómanna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi í spennandi og skemmtilegu starfsumhverfi.

### Hæfniskröfur

- Bílpróf er skilyrði
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Aukin ökuréttindi og vinnuvélaréttindi eru kostur
- Reynsla af slökkvistörfum er kostur
- Reynsla af snjóruðningi og hálkuvörnum er kostur
- Viðkomandi þarf að standast læknisskoðun ásamt þrek- og styrktarpróf
- Góð almenn tölvukunnátta
- Lípurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

### Umsóknarfrestur er til og með 21. september

Við hvetjum áhugasama aðila, án tillits til kyns og uppruna, til að sækja um.

Vegna kröfureglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð.

Sótt er um starfið á [isavia.is](https://www.isavia.is) undir Störf í boði

<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vinnustadurinn/storf-hja-isavia?jid=770#770>

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Harðarson umdæmisstjóri  
[asgeir.hardarson@isavia.is](mailto:asgeir.hardarson@isavia.is)



**ISAVIA**  
Innanlandsflugvellir





# Breyttur opnunartími Landsbankans á Höfn í Hornafirði

Opnunartími Landsbankans á Höfn í Hornafirði er nú kl. 12 - 15 alla virka daga. Hraðbankar verða áfram opnir allan sólarhringinn. Þú getur áfram pantað tíma í útibúinu eða fjarfund kl. 10 - 18.

Pantaðu þinn tíma á [landsbankinn.is](https://landsbankinn.is)



## LESENDABRÉF

Nú þegar Málfríður er hætt að benda á það sem betur má fara, langar mig aðeins að hrósa. Ég hef nú af og til sett inn á hópinn Íbúar í Sveitarfélaginu Hornafirði hluti sem eru frábærir.

Til dæmis er það minigolf völlurinn, ofboðslega skemmtilegt framtak og við fjölskyldan stoppum þar reglulega og tökum eina umferð. Nú síðast skrifaði ég um Almar í tjaldinu. Fólk er verulega spennt fyrir sýningunni sem verður opnuð í Svavarssafni 15. september næstkomandi.

Nú þegar haustið gengur í garð er uppskera víða, berjarunnarnir í mörgum görðum glæsilegir, þrátt fyrir vætulítið sumar og ég var svo heppin að fá boð í garð vinkonu að tína og tínda þokkalegasta magn af rifsberjum fyrir ömmu mína

til að hleypa. Þá bauð önnur vinkona mín fólki á áður nefndum facebook hópi (íbúar í Sveitarfélaginu Hornafirði) að koma og tína af sínum runnum og ég sótti mér sjálfri einn poka af rifsberjum og prófaði að hleypa sjálf. Bæði einfalt og skemmtilegt, góð leið til þess að hugleiða líka. Gleður mig líka að geta keypt nýjar hornfirskar kartöflur í búiðinni.

Ég verð líka að minnast á grænmetið frá Hólmi, ég veit ekki hvort ég hafi séð jafn fallett grænmeti og sendingin upp að dyrum. Það sem skiptir meira máli er að það er líklega besta og ferskasta grænmeti sem við getum fengið (ef við sáðum ekki sjálf í vor). Ég hlakka til að kaupa meira af þeim með haustinu.

Ég læt þetta duga í bili. Af nógu er að taka.



*Bestu, Róslín*

## IMPROV ÍSLAND Á HÖFN

Leikfélag Hornafjarðar í samstarfi við Grunnskóla Hornafjarðar og Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu hlaut styrk frá Barnamenningarsjóði til að bjóða nemendum skólanna upp á spuna-kennslu. Um miðjan september kemur leikara- og spunaþópur frá Improv Ísland og mun kennari frá þeim leiðbeina nemendum skólanna tveggja. Það er ekki á hverjum degi sem slíkur hópur kemur til Hafnar og viljum við að sem flestir myndu njóta góðs af og ætla hópurinn þess vegna að vera einnig með námskeið sem er ætlað fullorðnum (18+). Námskeiðið er í boði leikfélags Hornafjarðar og fer fram á kvöldin dagana 18. - 21. september á Hafinu. Föstudaginn 22. september er stefnt á að halda sýningu og sýna afrakstur námskeiðsins fyrir áhorfendur en það verður auglýst sérstaklega. Frekari upplýsingar um námskeiðin verður að finna á facebook síðu leikfélagsins Leikfélag Hornafjarðar, en einnig hægt að fá upplýsingar í tölvupósti með því að senda póst á leikfelaghornafjardar@gmail.com. Leikfélag Hornafjarðar hlakkar mikið til samstarfsins og vonar að það falli vel í kramið hjá Hornfirðingum á öllum aldri.

Við hvetjum ykkur einnig til að læka Leikfélagið á Fb og Instagram, en þann miðil notum við mikið til að auglýsa með stuttum fyrirvara og skapa stemningu.

*Bestu kveðjur  
Emil Morávek*

Ókeypis er á námskeiðið  
Fyrir nánari upplýsingar sendið póst á  
leikfelaghornafjardar@gmail.com

IMPROV  
ÍSLAND

LEIKFÉLAG  
HORNAFJARÐAR





## Aðalfundarboð

Aðalfundur Karla-kórsins Jökuls verður haldinn í Hafnarkirkju, **mánudagskvöldið 18. september 2023 kl. 20:00**

Venjuleg aðalfundarstörf

## Komdu að æfa blak

Skemmtileg og fjölbreytt hreyfing í góðum félagskap. Allir 16 ára og eldri velkomnir að mæta á æfingar og prófa!



## Come and play Volleyball

Fun and varied exercise in good company. Everyone aged 16 + is welcome to attend exercises and have a try.



Konur  
Þriðjud: 19:00 - 20:30  
Fimmtud: 18:50 - 20:20

Karlar  
Þriðjud: 20:30 - 21:50  
Fimmtud: 20:20 - 21:50

Women  
Tue: 19:00 - 20:30  
Thu: 18:50 - 20:20

Men  
Tue: 20:30 - 21:50  
Thu: 20:20 - 21:50



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA



<b>Mánudagar</b>	Gönguferð frá Ekrunni Þyðhokki-Pilukast-Pússl Stólaleikfimi með Dagvist Opinn tími í Íþróttahúsi Snóker - Smíðastofan opin	10:00 10-12 10:30 12-13 13-16
<b>Þriðjudagar</b>	Boccía Þyðhokki-Pilukast-Pússl Heilsuefning 65+ í Sporthöllinni Spilum Minigolf Snóker - Smíðastofan opin Tekið í spil (ýmis spil) Gleðigjafir samæfingar	9:30 10-12 10:30-12 13-15 13-16 13-16 17-18
<b>Miðvikudagar</b>	Gönguferð frá Ekrunni Þyðhokki - Pilukast - Pússl Snóker - Smíðastofan opin Handavinna – spil og spjall	10:00 10-12 13-16 13-16
<b>Fimmtudagar</b>	Þyðhokki- pilukast- pússl Stólaleikfimi með Dagvist Heilsuefning 65+ í Sporthöllinni Vatnsleikfimi í Sundlaug Snóker - Smíðastofan opin Tekið í spil og/eða skák	10-12 10:30 10:30-12 13:30 13-16 13-16
<b>Föstudagar</b>	Boccía Þyðhokki - Pilukast - Pússl Snóker - Smíðastofan opin Samverustund í Ekru Ath. annan hvern föstudag (fyrsta samvera 6.okt)	9:30 10-12 13-16 17-18

Ari Jónsson formaður S:8947065 arijonssonhofn@gmail.com  
Svava Kristbjörg Guðmundsdóttir ritari S: 8441493 svavakr@hofn.is  
Lucía Óskarsdóttir gjaldkeri S: 8668030 lucia@eldhorn.is  
Eiríkur Sigurðsson meðstjórnandi S: 6591474 obbaes@gmail.com  
Guðbjörg Ósk Jónsdóttir S: 8641847 gosk@eyjar.is  
Magnús Friðfinnsson S: 8919666 magnusogsteinunn@gmail.com  
Garðar Óskarsson S:8954561 gardarogloa@simnet.is



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Umhverfisviðurkenningar 2023

Umhverfis og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2023.

Auglýst er eftir tilnefningum á einstaklingum, félagsamtökum, stofnunum, fyrirtækjum, lóðum og lögbýlum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem hafa með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúruna og umhverfið að eðlilegum þætti í hversdagslífi sínu, starfi og rekstri eða hafa á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar á náttúru og umhverfi..

***Frestur til að tilnefna er til 18.september.***

*Tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhúss Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða netfangið:*

[afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

**SUNNUDAGA SKÓLI**

Sunnudaginn 17. september  
kl 8:00

Söngur, saga, fjör og gaman

HAFNARKIRKJA

Lifandi vatn

**Dagskrá vinnunnar**

Almennar samkomur  
sunnudaga klukkan 13:00

Bænaundir  
fimmtudaga klukkan 19:30

VÍÐ HÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG.

Jesús segir:  
Ei nokkum þyrstir þú komi þann til mín og drekkl. Þú þyrta þess sem trúa á mig munu renna. Lætur Íslandi vatni

Instagram Facebook

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## Grillaður þorskur eftir Sævar Knút Hannesson

Við þökkum Óla Birni fyrir áskorunina. Því næst ætla ég að skora á hann Pálma Geir yfirkokk á Ottó, hann ætti nú að geta poppað þetta eitthvað upp. Við ætlum ekki að hafa þetta of flókið heldur eins fljótlegt og hægt er og því höldum við okkur við fiskinn. Þetta er réttur sem passar hæfilega fyrir okkur 4, 2 fullorðnir og 2 leikskóla pésar, en það er ekkert mál að stækka eða minnka hana eftir smekk.

### Aðferð

Takið þorskflakið og þerrið létt, nuddið smá ólífuoilú báðum megin á flakið. Því næst er kryddið fagur fiskur tekið og dassað létt yfir, næst er gripið í þessa finu fiski grill grind og flakið sett ofan á sítrónusneiðar. Og á fun heitt grillið sem er í kringum 300° og grillað í 4-5 mín á hvorri hlið.

### Meðlæti

Kartöflur í olíu.

Takið eldfast mót og setjið nokkrar kartöflur í það, því næst hellið olíu í mótið þangað til að 2/5 af kartöflunni eru í olíu, smá salt yfir þær og inni ofn á 200° í 40 mín eða lengur ef þær eru stórar. Einnig er gott að hafa þetta klassíska grænfoodur með.

### Sósa

Köld graslaukssósa

1 dósi sýrður rjómi

Safi úr 1/2 sítrónu

3 hvítlauksgeirar

Graslaukur eftir smekk

Dass ólífuoilía

Salt & pipar

Best er að gera sósuna kvöldið áður og leyfa henni að leskjast aðeins yfir nóttina.

**Verði ykkur öllum að góðu.**





## SPURNING VIKUNNAR

*Hvað er vanmetið og hvað er ofmetið?*



**Grétar Már Þorkelsson**  
Gott hrossakjöt er vanmetið, fasteignamat er ofmetið



**Bryndís Bjarnason**  
Peningar eru ofmetnir, frelsið er vanmetið.



**Jón Garðar Bjarnason**  
Gildi peninga er ofmetið, samfélagsgildi eru vanmetin

## ORÐALEIT



MUNNUR  
EYRA  
HNÉSBÓT  
FIMM  
BLÁR

TJALD  
BANGSI  
LOFTRÆSTING  
KARTÖFLUBITI  
ÞRÍR



**Bifreiðaskoðun á Höfn  
18., 19. og 20. september.**

Tímamantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. september.

Næsta skoðun 16., 17. og 18. október.

*Þegar vel er skoðað*

**HEYRN**

**HEYRNARÞJÓNUSTA**

**Kynntu þér nýja kynslóð  
heyrnartækja!**

**Verðum á heilsugæslunni á**

**Höfn í Hornafirði  
föstudaginn**

**22. september 2023**

**TÍMAPANTANIR 534-9600**



534-9600 [www.heyirn.is](http://www.heyirn.is) Hlíðasmára 19, 2.hæð, 201 Kópavogur